

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um húsleitir og hleranir.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hversu margar kröfur um húsleit eða símahlerun hafa borist Héraðsdómi Reykjavíkur sl. fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir tegund inngríps, lögregluembætti og mánuði.
- Í hversu mörgum tilvikum var fallist á kröfu lögreglustjóra og hversu oft var henni hafnað? Svar óskast sundurliðað eftir tegund inngríps, lögregluembætti og mánuði.
- Hversu oft hafa úrskurðir Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. 1. og 2. tölul., komið til kasta Landsréttar og hvert er staðfestingarhlutfallið?

Munnlegt svar óskast.